

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

4. fundur verkefnahóps um Byggðasamlag Vestfjarða.

Árið 2011, miðvikudaginn 23. mars kl 12.00 kom verkefnahópur Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks, saman til fundar í fundarsal Háskólaseturs Vestfjarða, Árnagötu 2-4, Ísafirði.

Mætt voru til fundar;

Arnheiður Jónsdóttir, verkefnastjóri Byggðasamlags Vestfjarða

Elsa Reimarsdóttir, félagsmálastjóri félagsþjónustu Vestur Barðastrandasýslu

Guðný Hildur Magnúsdóttir, félagsmálastjóri, félagsþjónustu við Djúp

Margrét Geirsdóttir, félagsmálastjóri, Ísafjarðarbæjar

Hildur Jakobína Gísladóttir, félagsmálastjóri, Strandasýslu og Reykhólahrepps.

Auk þess sat Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri fundinn og ritaði hann einnig fundargerð.

Gengið til dagskrár

1. Fundargerð 3. fundar þann 24. Janúar 2011

Lögð fram fundargerð verkefnahóps frá 3. fundi sem haldinn var þann 24. janúar s.l.. Drög að fundargerð voru send út í tölvupósti þann 25. janúar s.l., engar athugasemdir bárust og fundargerð hér lög fram í endanlegri mynd. Fundargerð samþykkt.

2. Stefnumótun BSVest.

Formaður kynnti hugmyndir að innihaldi stefnumótunar fyrir samlagið. Rætt um efni þess og þau gögn sem þegar eru til reiðu. Samþykkt að boða til sértaks fundar verkefnishóps um stefnumótun í maí n.k. og sett að markmiði að stefnumótunarvinnu verði lokið í janúar 2012.

3. Jöfnunarsjóðsgreiðslur og greiðslur BSVest til sveitarfélaga og öfugt.

- a. Tillaga ráðgjafanefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um skiptingu framlaga til sveitarfélaga samkvæmt fjárhagsramma samkomulags um tilfærslu á þjónustu við fatlaðra.

Tillagan var kynnt á fundi sem haldinn var í Reykjavík þann 23. febrúar s.l. en var staðfest af innanríkisráðherra þann 4. febrúar s.l.^[1] Til Vestfjarða eiga að renna tæpar 230 mkr, sem er 10 mkr hærra framlag en miðað er við í skiptingu fjármagns sem afgreidd var á fundi verkefnahóps 24. janúar s.l.. Í þeirri tillögu var tekið mið af áætlun Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra um framlög á fjárlögum 2011, samkvæmt bréfi skrifstofunnar 21. desember 2010.

- b. Greiðslur sveitarfélaga á útsvarsframlagi til BSVest. ,

Verkefnastjóri kynnti tillögu varðandi fyrirkomulag innheimtu hlutdeildar sveitarfélaga í útsvari vegna yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga og úthlutun BSVest til sveitarfélaganna að nýju. Tillagan er sem hér segir;

Tekið er mið af áætlun á útsvarsstofni hvers sveitarfélags fyrir árið 2011 og innheimt samkvæmt því á þriggja mánaða fresti, í fyrsta sinn 31. mars 2011. Uppgjör ofgreiddra eða vanggreiddra framlaga sveitarfélagana til byggðasamlagsins vegna liðins árs fer fram þegar ársuppgjör staðgreiðslu liðins árs liggur fyrir.

Tillagana samþykkt og verkefnisstjóra falið að tilkynna sveitarfélögum framkvæmd málsins.

^[1] <http://jofnunarsjodur.samgonguraduneyti.is/frettir/nr/3367>

4. Endurskoðuð fjárhagsáætlun.

Samkvæmt samþykkt 2. fundar verkefnahóps þann 17. janúar 2011, skal taka fjárhagsáætlun til endurskoðunar á grundvelli reynslu af rekstri þriggja til fimm mánaða. *Samþykkt að miða við fjögurra mánaða tímabil og endurskoðun fjárhagsáætlunar verði tekin fyrir á fundi sem haldin verði eftir miðjan maí n.k..*

Formaður benti á að í fjárhagsáætlun ársins 2011 hefði ekki verið tekið tillit til umsýslukostnaðar sveitarfélaga og yrði að taka yrði tillit til þess við endurskoðun áætlunarinnar.

5. Ársskýrsla.

Aðalfundur BS Vest verður haldinn samhliða Fjórðungspingi Vestfirðinga sem haldið er í byrjun september ár hvert. Taka þarf til skoðunar efnisatriði ársskýrslunnar. *Verkefnastjóra falið að gera tillögu og leggja fyrir næsta fund.*

6. Aðgengi að Verkefnastjóra

Tekið til umræðu aðgengi félagsþjónustusvæða að vinnu verkefnisstjóra og tilhögun samskipta verkefnisstjóra við félagsmálasvið sveitarfélaga og við félagsmálanefndi t.d. með reglulegum heimsóknnum. Samþykkt að gera áætlun um reglubundnar heimsóknir en umræðu um aðgengi að vinnu verkefnisstjóra verði haldið áfram, horfa skal til að endurskoða á ráðningarsamning í september n.k..

7. Skammtí mavistun – búsetumál á Ísafirði.

Harpa Stefánsdóttir, ráðgjafi á Skóla og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar, mætti til fundar. Lögð fram erindi frá Skóla og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar dags. 4 febrúar s.l. vegna aukakostnaðar um sólarhringsþjónustu og greinargerð um *Búsetuþjónustu og skammtí mavistun* dags. 9. mars s.l., unnin af starfsmönnum skrifstofunnar þeim Hörpu Stefánsdóttur og Sigfríðar Hallgrímsdóttur þroskaþjálfum.

Formaður fór yfir aðdraganda málsins, en verulegar breytingar voru gerðar á vegum Svæðisskrifstofu um málefni rétt fyrir áramót er varðar húsnæðismál í skammtí mavistun. Harpa kynnti efni greinargerðar þar sem fram kemur að verulegar breytingar hafa orðið á þessu áætlunum varðandi þörf fyrir húsnæði og stöðugildum, auk álags vegna veikindaforfalla.

Rætt um framlögð erindi og greinargerð. Niðurstaða færð í trúnaðarbók og til endurskoðunar fjárhagsáætlunar BS Vest. Harpa vék af fundi.

8. Bílamál.

Kynnt samkomulag um vörslufé á milli BS Vest og Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á Vestfjörðum dags 28. febrúar 2011. Samkomulagið fjallar um afhendingu tveggja bifreiðar sem voru í vörslu Svæðisskrifstofu og voru fjármagnaðar með gjafafé. Önnur bifreiðanna var keypt árið 2002 en hin árið 2009. Rætt um núverandi fyrirkomulag á afnotum bíla og hvaða breytingar þurfi að eiga sér stað við yfirtöku sveitarfélaga á málaflokknum. *Verkefnastjóra falið að taka saman minnisblað með tillögum um málið.*

9. Búsetureglugerðin / Reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu.

Umræðu frestað til næsta fundar.

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

10. Erindi til BS Vest.

Lagt fram bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga dags 9. mars 2011.

Reikningar vegna tryggingar húsnæðis.

Verkefnastjóra falið að ganga frá afgreiðslu málsins

11. Fundarplan Verkefnahópsins.

Næsti símafundur verði mánudag 4. apríl kl. 10.00, stefnt að vinnufundi í byrjun og lok maí n.k..

Fleira ekki gert og fundi slitið 16.00.

Arnheiður Jónsdóttir

Elsa Reimarsdóttir

Guðný Hildur Magnúsdóttir

Margrét Geirsdóttir

Hildur Jakobína Gísladóttir